

Skýrslu nr 2.	Álftaferð 2010	Kristín Hallsdóttir Áfangi: Líffræði 113 Dagar framkvæmda.: 24.03.10 & 14-15.04.10
---------------	----------------	---

Um álftina:

Álftin eða svanurinn er að stór fugl af andaætt og er stærsti fugl Íslands og hefur fræðiheitið „Cygnus cygnus“. Álftin er sundönd og er alfriðuð á Íslandi og á Bretlandseyjum. Íslenskar álftir eru flestar á



Bretlandseyjum og Skotlandi yfir veturinn en u.þ.b 10 hluti hefur vetursetu á Íslandi. Álftastofninn hefur verið frá 15.000 upp í 19.000 fuglar hin síðari ár og varpstofninn

hér á landi er einungis um 2500-3000 pör. Álftirnar fella fjaðrir síðsumars og verða þá ófleygar. Álftin kemur úr dýraríki, er í fylkingu seildýra, flokkur



þeirra er fuglar, ættbálkur þeirra er gásfuglar, ætt er andaætt, ættkvísl er cygnus og tegund þeirra er C.cygnus. Álftin er 118-132 sentímetrar, vænghafið er 2,2-2,4 metrar og þyng hennar á bilinu 8-15 kíló. Álftin lifir á nýju grasi, korni og

marhálmi en marhálmur er jurt sem er í vatni og er á nógu grunnu dýpi að þeir

geti náð í ætið, en þær komast u.þ.b metra dýpi með hálsinum. Langstærsti álfstafninn í heiminum er í gömlu Sovétríkjunum en Íslenski álfstafninn er sá stærsti í Evrópu er í kringum 15.000- 19.000 álfir. Varpstofn íslenska álfstafnsins er einungis 2.500-3.000 þör. Álfægg er 7,3-11,3 sentímetrar og á



álfir í kringum 4-6 egg, útungunartíminn er 35-40 dagar. Egginn eru alhvít eða gulleit. Álfapar halda tryggð ævilangt og nota þau sama hreiðrið ár eftir ár. Á vorin hópa álfirnar sig gjarnan áður en varpið hefst og eru þannig auðfundnar. Álfirnar verpa um allt land bæði á láglandi og hálendi og

halda sig við vötn, tjarnir, í mýrum og flóum. Þær gera háa dyngju með djúpri skál til að verpa í. Dyngjan er úr ýmsum gróðri sem þær finna í nágrenni við hreiðrið. Varpið hefst missnemma og fer þá eftir því hvort álfirnar eru á láglandi eða hálendi.

Markmið (tilgangur):

Markmið ferðarinnar var að telja álfirnar, skoða fuglalífið í lóni, taka viðtöl, skoða vatnið í tjörnum og kynna álfunum. Við áttum líka að æfa okkur í að telja fugla. Við notuðum aðferðina við það að u.þ.b út nokkurn veginn út hvað það voru margar álfir á vatninu en það er þó ekki alveg fullkomin aðferð því að í dag er farið að taka loftmyndir úr flugvél til að talningin sé rétt.

Framkvæmd:

Farið var þann 24.03 að kanna aðstæður í við lónið í Lóni. Þar taldi talningar hópurinn 514 álfir en svo taldi Björn fuglafræðingur 594 álfir en rétt áður en við fórum valdi Björn fuglafræðingur allan hópinn og það voru 1100 álfir.

Eftir páskafrí var farið í ferðina. Það var lagt frá skólanum þann 14.apríl klukkan 9:00 og farið að fundarhúsinu í Lóni þar sem hópurinn átti að gista eina nótt. Eftir



að allir voru búnir að klæða sig og setja dótið inn í húsið var farið í það að telja álfirnar allir frá sitthvorum staðnum. Svo var haldið aftur í fundarhúsið þar sem var eldaður matur handa öllum. Eftir hádegi var farið aftur að telja og reynt að sigla bátnum á lóninu en það reyndist vera of grunnt og var of hvasst þannig að ein árin brotnaði. Eftir þetta var haldið aftur í fundarhúsið þar sem var grillað og fleira. Þegar leið á kvöldið fóru flestir í háttinn. Næsta dag þann 15.04 fóru allir eldsnemma á fætur og farið í þá hluti sem eftir voru. Skoðað var dýralífið og komist að þeirri niðurstöðu að það voru fleiri álfir daginn áður. Labbað var svo eitthvað í kringum lónið og fannst ekkert hræ af álfum nema eina beinagrind sem var en með fætinum á. Sem má til gamans geta að kennarinn sýndi efnafræði krökkunum daginn eftir ferðina beinagrindina og sagði að það væri fuglaflensan í henni sem er þó ekki vitað. Tekið var svo sýni úr vatninu. Eftir það var ákveðið að taka viðtöl við fólkið í sveitinni en fólkið vildi ekki að það yrði tekið við þau viðtöl þannig að það var haldið heim til Hafnar aftur eftir lærdómsríka og skemmtilega ferð.

Niðurstöður:

PH-gildi vatns → PH gildi = 7 (hlutlaust) en mælingin mislukkaðist því að úrgangur frá fuglunum hefur aðra niðurstöðu.

Seltumagn vatns → Notuð var flotvog og komist að því að seltumagnið var ekki neitt.



Niðurbrotsefni frá botnssýnum → það var ekki hægt að sýna fram á niðurbrotsefnunum úr fuglaúrgangi. Samkvæmt viðtölum við eldra fólk/ bændur við Lónið í Lóni fékk tók kennarinn það saman að: álfum hefur fjölgað á Lóninu síðustu 40-50 árin úr 1000 álfum yfir í 8000- 10.000. Á sama tíma hefur álstofninn

hrunið í Lóninu og glerállinn nánast horfið.

Svör við verkefnum:

Hvað étur hver álf mikið af fæðu daglega? → *Hver álf étur líkamsþyngd sína daglega.*

Hvað gefur álfahópurinn á Lóni 14. apríl frá sér mikinn úrgang? → *Álfahópurinn á Lóninu gaf frá sér 5000X5 kg = **25000 kg** eða **25 tonn!***

Hefur álfafjöldinn hugsanlega einhver áhrif á veiðina í Lóninu? *Það hlýtur eiginlega að vera því það var fiskur í Lóninu áður en álfinni fjölgaði.*

Hvað eru álfirnar margar þegar þær eru flestar og hvenær er það? *Þær eru flestar í lok sumarsins þegar ungarnir eru komnir úr eggjunum og það eru u.þ.b 10.000 álfir*

Hvað er um að vera hjá álfinni þegar hún er í „sárum“? *Þá fella álfirnar flugfjaðrirnar.*

Hvort voru fleiri álfir á lóninu 14. apríl eða 15 apríl? Það voru fleiri 14.apríl því þá voru u.þ.b 5000 álfir en 15 apríl voru aðeins 4000 álfir.

Hvaða aðrar fuglategundir aðrar á lóninu : Við sáum rauðhöfðaendur, æðakollupör, grágæs, heiðgæs, hettumáva, stökkendur, helsingja og svartbak.